

Borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson
Formaður skipulagsráðs, Hjálmar Sveinsson

Málsnr.: 21606 00 86
Skjalasafn Ráðhúss
01. okt. 2018
Bréfalykill: 647

Reykjavík, 5. september 2018

Erindi: Fyrirspurn um flutning Björgunar ehf. frá Sævarhöfða

Ágætu viðtakendur,

Þann 11. október 2016 var undirritaður samningur milli Faxaflóahafna og Björgunar ehf. um rýmingu Björgunar af lóðinni Sævarhöfða 33. Samkvæmt samningnum hefur Björgun lóðina til leigu til maíloka 2019, en á að svo búnu að flytja annað. Þann 18. ágúst 2017 var undirrituð viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Björgunar um flutning fyrirtækisins í Gunnunes á Álfsnesi. Fyrir á þessu ári var jarðvegsmön á milli athafnasvæðis Björgunar og Bryggjuhverfisins fjarlægð.

Íbúasamtök Bryggjuhverfisins hafa ekki gert athugasemd við fjarlægingu manarinnar. Þvert á móti, enda forsenda fyrir áframhaldandi uppbyggingu hverfisins og fyrsta áþreifanlega merkið um að staðið verði við tímafresti. Hins vegar hefur aðgerðin í för með sér stórukið sandfok yfir allt hverfið og bera gluggar og gluggakistur í íbúðum hverfisins þess glögg merki. Auk þess er hljóð- og sjónmengun fyrir íbúa hverfisins stórukin. Allt er það þó þolanlegt, ef það er til marks um að staðið verði við tímafresti í tengslum við flutning Björgunar.

Þegar þessi orð eru rituð eru tæpir níu mánuðir eftir af lóðarleigusamningi Björgunar við Sævarhöfða. Samkvæmt upplýsingum frá Skipulagsstofnun höfðu frumgögn vegna umhverfismats á fyrirhugaðri starfsemi Björgunar á Álfsnesi ekki borist stofnuninni fyrir um viku síðan. Umhverfismatið var því ekki hafið á þeim tíma. Afar fátítt er, samkvæmt upplýsingum frá Skipulagsstofnun, að umhverfismat taki skemmri tíma en eitt ár. Algengara er að það taki eitt og hálft til tvö ár. Að því ferli og skipulagsferlinu loknu er hægt að hefja framkvæmdir. M.a. þyrfti að gera hafnarkant fyrir skip Björgunar. Einnig berast fréttir af því að Minjastofnun leggist gegn flutningi á starfsemi Björgunar í Gunnunes. Því má draga þá ályktun að Björgun geti ekki hafið starfsemi þar fyrir en eftir tvö til þrjú ár í fyrsta lagi.

Þetta veldur íbúum Bryggjuhverfisins þungum áhyggjum. Nýverið hefur uppbygging orðið í hverfinu með byggingu hundruða nýrra íbúða mjög nærri starfssvæði Björgunar. Fjölmargar fjölskyldur og fyrirtæki hafa því keypt fasteignir í hverfinu, ekki síst út á samninga og viljayfirlýsingar Reykjavíkurborgar, Faxaflóahafna og Björgunar. Að standa ekki við tímafresti í tengslum við flutning Björgunar væri því algerlega óásættanlegt. Það myndi rýra verulega lífsgæði íbúa allra og torvelda sölu á íbúðum, í hverfi þar sem nú búa vel á annað þúsund manns.

Því er nauðsynlegt að fá svar við eftirfarandi spurningu: Mun Björgun hætta starfsemi sinni við Sævarhöfða á tilsettum tíma, í maílok 2019 eða fyrir, í samræmi við þegar gerða samninga?

Virðingarfyllt, f.h. íbúasamtaka Bryggjuhverfisins,


Bjarni Þór Þórólfsson, formaður, Naustabryggju 55


Önnundur Páll Ragnarsson, ritari, Naustabryggju 31


Stefán Garðarsson, meðstjórnandi, Naustabryggju 20


Sveinn Magnússon, varaformaður í stjórn, Naustabryggju 5

Íbúasamtök Bryggjuhverfis

Naustabryggju 54
110 Reykjavík

Fyrirspurn um flutning Björgunar ehf. frá Sævarhöfða

Undirbúningur frekari uppbyggingar Bryggjuhverfis og stækkun þess stendur yfir. Reykjavíkurborg hefur nýverið samþykkt deiliskipulag fyrir næstu áfanga. Um er að ræða áfanga sem ber vinnuheitið Bryggjuhverfi vestur og öðlast skipulagið gildi um leið og það er birt í B-deild Stjórnartíðinda. Byrjað var á landgerð á síðasta ári og var efni sem áður var í hljóðmön notað til landgerðar eins og samkomulag við Björgun gerir ráð fyrir.

Reykjavíkurborg hefur þegar gefið vilyrði fyrir lóðum til Bjargs og Búseta fyrir um 160 íbúðir á svæðinu. Tímastærðir fyrir flutning Björgunar í samningum við fyrirtækið eru skýrir og er lokadagsetning þeirra 1. júní 2019. Það stendur, hvað sem líður leit að annarri lóð fyrir fyrirtækið. Svarið við spurningu Bryggjuráðsins er því já.

Rétt er þó að minna á að deiliskipulagið gerir ráð fyrir frekari landfyllingum. Þær mun Björgun vinna fyrir Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir. Í gildi er verksamningur þar sem gert er ráð fyrir verklokum vegna þessa eigi síðar en 31. desember 2019.

Viljayfirlýsing um leit að annarri lóð var undirrituð við Björgun árið 2017, einsog rakið er í erindi Bryggjuráðsins. Hún kveður á um að kanna hvort unnt er að flytja starfsemi Björgunar í Álfsnes. Þessi vinna er enn í gangi og er Reykjavíkurborg jákvæð fyrir því að leiðir verði fundnar til að það geti gengið eftir. Óháð því og óháð hvað það ferli tekur langan tíma liggur þó fyrir, einsog áður segir, í gildandi samningum að Björgun hættir starfsemi á Sævarhöfða fyrir 1. júní 2019.

Dagur B. Eggertsson